



Óvissustig vegna Kötlu.

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Mýrdalsjökli var virkjuð á óvissustigi þann 30. september vegna jarðskjálftahrinu sem hófst 29. september 2016 í Kötluöskjunni í Mýrdalsjökli. Ríkislögreglustjóri virkjaði áætlunina í samráði við lögreglustjóran á Suðurlandi. Jarðskjálftahrina hætti án frekari atburða og var óvissustigi aflýst tveimur vikum síðar. Jarðskjálftavirkni í Mýrdalsjökli var meiri haustið 2016 en verið hefur síðustu ár.

Jökulhlaup. Minniháttar jökulhlaup urðu í Skaftá og Gígjukvísl á árinu. Þau komu öll til vegna jarðhitavatns sem safnast saman undir Vatnajökli, annars vegar í Skaftárkötlum og hins vegar Grímsvötnum. Enginn af þessum atburðum kallaði á meiri háttar viðbrögð og samgöngutruflanir voru í lágmarki.

Vísindaráðsfundir Á vor- og haustfundi vísindaráðs almannavarna var farið yfir virkustu eldstöðvar Íslands auk jarðskjálftasvæða, en vegna umbrotanna í Bárðarbungu og jarðskjálfta í Mýrdalsjökli þá var mesta athyglin á þeim. Niðurstaða fundanna er yfirleitt á einn veg að halda þarf við vöktunarkerfum í kringum þessi eldfjöll og efla jarðvárvöktun þar sem því verður við komið.

Samhæfingarstöðin og virkjun almannavarnakerfisins árið 2015

Á árinu 2015 var alls 15 sinnum lýst yfir almannavarnastigi af einhverjum völdum. Fjórum sinnum var lýst yfir almannavarnastigi vegna snjóflóðahættu. Í öllum tilfellum var lýst yfir óvissustigi á hluta Vestfjarða og í öllum tilfellum var lýst yfir hættustigi á einstökum stöðum og hús rýmd. Almanna- varnakerfið var virkjað fimm sinnum vegna atvika í flugi, tvisvar vegna skriðuhættu, einu sinni vegna óveðurs, einu sinni vegna eldgoss, vegna Skaftárhlaups og vegna elds um borð í hvalaskoðunarskipi á Skjálfaflóa.

Lengsta aðgerð ársins 2015 í Samhæfingarstöð almannavarna var vegna eldgossins í Holuhrauni. Þessi aðgerð hófst þann 16. ágúst 2014 þegar Samhæfingarstöðin var



virkuð vegna jarðskjálfta undir norðanverðum Vatnajökli. Samhæfingarstöðin var virk í samtals 220 daga vegna þessarar aðgerðar, þar af í 59 daga á árinu 2015. Aðgerðunum í Samhæfingarstöðinni lauk nokkrum dögum eftir að eldgosinu lauk þann 28. febrúar 2014. Þetta er lengsta aðgerð sem stýrt hefur verið úr Samhæfingarstöðinni

Samhæfingarstöðin tók þátt í sex æfingum á árinu. Þetta voru flugslysaæfingar á Gjögurflugvelli, Egilsstaðaflugvelli, Grímseyjarflugvelli og á Höfn í Hornafirði. Þá tók stöðin þátt í æfingu vegna hópslysa á Suðurnesjum og sóttvarnaæfingu á Keflavíkflugvelli.

Fræðslufundur samráðshópa í áfallahjálp

8. apríl var haldinn fræðslufundur um áfallahjálp en hann var að þessu sinni að Hraunbæ 105 Reykjavík. Fulltrúar samráðshópa frá flestum umdæmum komu á fundinn. Fyrir utan hefðbundna dagskrá flutti Edda Þórðardóttir erindi um doktorsrannsókn sína um snjóflóðin á Vestfjörðum, Víðir Reynisson fjallaði um stjórnun, áföll og afleiðingar. Einnig var farið yfir reynslu frá starfinu síðasta árið og Emil Einarsson sagði frá slysi á Snæfellsnesi og Haukur Haraldsson sagði frá slysi við lækinn í Hafnarfirði. Þá voru hópaverkefni sem Berglind Guðmundsdóttir og Jón Brynjar Birgisson stýrðu. Annað hvert ár hafa verið haldnir fræðslufundir á höfuðborgarsvæðinu fyrir samráðshópa um áfallahjálp á landsvísu. Það ár sem ekki er fræðslufundur hefur samráðshópurinn í SST staðið fyrir fundarferðum á landsbyggðinni og verið með fræðslu um umræðu fyrir hópana.

Undirbúningur að evrópskri æfingu

Almannavarnadeildin tekur þátt í undirbúningi að stórri evrópskri æfingu, European Disaster Resonse Exercise (EDREX), sem haldin verður 13 – 17 mars 2017. Æfingin sem er á vegum Almannavarna Evrópu (European Commissions Humanitarian and Civil Protection (DG ECHO) undir forystu sænsku almannavarnanna (MSB), Heilbrigðisstofnunar Englands (PHE) og ítölsku almannavarnanna fyrir hönd ráðherraráðsins. Markmiðið með æfingunni er að

skoða, þróa og meta sameiginlegt viðbragð Samhæfingarstöðvarinnar í Brussel ERCC við hamförum sem hafa áhrif á Evrópu.

Snjóflóðahætta og rýming á Patreksfirði .

Mikið snjóaði á Vestfjörðum í febrúar og mars og var lýst yfir óvissustigi á Patreksfirði og hættustigi vegna snjóflóðahættu. Þann 4. febrúar þurfti að rýma sex hús á Patreksfirði og íbúarnir alls átján manns þurftu að yfirgefa heimili sín. Fimm gistu á hóteli en aðrir fengu inni hjá vinum og ættingjum. Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð og aðstoðaði íbúa sem þurftu að yfirgefa heimili sín.

112 dagurinn. Almannavarnadeild tók þátt í 112- deginum með viðbragðsaðilum þann 11 febrúar, en þessi dagur er samstarfsverkefni stofnana og félagasamtaka sem annast neyðarþjónustu. Almannavarnir voru þema dagsins og áhersla lögð á áfallapolið samfélag með viðbúnað og viðbrögð við náttúruhamförum, sérstaklega óveðri og jarðskjálfum. Tuttugu ár eru liðin frá því evrópska neyðarnúmerið 112 var tekið í notkun og leysti það af hólmi 146 mismunandi númer viðbragðsaðila. Einnig tekur almannavarnadeildin þátt í að kjósa Skyndihjálparamann ársins sem er heiðraður á 112 deginum fyrir björgunarstörf.

Neyðarstjórnun í Svíþjóð og á Íslandi

Ráðstefnan Emergency Management in Iceland and Sweden var haldin í Norræna húsinu 18. janúar en sérfræðingar bæði frá Íslandi og Svíþjóð kynntu rannsóknir og verkefni í neyðarstjórnun í löndunum. Erna Danielsson fjallaði um áhættu og krísurannsóknir í félagsvísindum, Karin B. Cuadra fjallaði um viðhorf viðbragðsaðila. Víðir Reynisson fjallaði um styrkingu umdæma á Suðurlandi í almannavörnum og Guðrún Jóhannesdóttir kynnti áhættuminnkandi aðgerðir í sveitarfélögum. Framsögumenn tóku þátt í umræðum í panel í lok ráðstefnunnar ásamt Kristjáni Sturlusyni, Ragnheiði Hergeirsdóttur og Stefáni Eiríkssyni.

Eystrastaltráðið og almannavarnir

14 fundur í starfi almannavarna Eystrasaltsríkjanna var haldinn í Gdansk 8 – 9 júní



– Hjálmar Björgvinsson deildarstjóri almannavarnadeildarinnar tók við keflinu af Pólverjum, sem voru með formennsku í samstarfinu og mun Ísland verða í forsvari í almannavarnasamstarfi Eystrasaltsríkjanna næsta tímabil eða 2016 – 2017.

Fulltrúi almannavarnadeildarinnar sótti vinnustofu í Varsjá þar sem verkefni Eystrasaltsríkjanna í almannavörnum – og geta þeirra á alþjóðavísu voru til umfjöllunar.

Yfirmenn í almannavörnum Norðurlanda – Hella

Á undanförunum árum hafa almannavarnastofnanir á Norðurlöndunum haldið námskeið fyrir hátt setta starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem koma að verkefnum almannavarna á einhvern hátt. Árið 2016 kom það í hlut Íslendinga að halda námskeiðið. Það var haldið á Helli dagana 13. til 16. júní.

Þátttakendur voru fimm frá Danmörku, tíu frá Finnlandi, sex frá Íslandi, ellefu frá Noregi og níu frá Svíþjóð. Þáttakendurnir starfa á mörgum sviðum og má nefna að auk yfirmanna í almannavarnastofnunum var þar fólk úr innanríkis-, dómsmála- og utanríkisráðuneytum, frá fjölmiðlum, her og strandgæslu, fjölmiðlum, stofnunum

sem fara með málefni flóttamanna og frá stórfyrirtækjum eða samtökum atvinnulífs.

Skipulag námskeiðsins var þannig að haldnir voru fyrirlestrar en síðan var þátttakendum skipt í hópa sem fengu spurningar til að ræða. Þemu námskeiðsins voru þrjú. Það fyrsta var eldvirkni og áhrif stórgosa á loftslag. Þema númer tvö var öryggi ferðamanna og síðasta þemað var straumur flóttamanna í heiminum og meiriháttar fólksflutningar með áherslu á þátt Norðurlandanna og áhrif á þau.

NORDRESS rannsóknarverkefni

NORDRESS verkefnið er mikilvægt fyrir almannavarnir þar sem eitt megin viðfangsefnið er að rannsaka á þverfaglegan hátt hvernig hægt er að auka öryggi og áfallapol einstaklinga, samfélaga, innviða og stofnana gegn náttúruhamförum. Ríkislögreglustjóri er einn fimmtán samstarfsaðila á Norðurlöndum sem tekur þátt í verkefninu. Á árinu var unnið að verkefnum sem tengjast almannavörnum m.a. rannsókn á áhrifum SO₂ frá eldgosinu í Holuhrauni á íbúa, bókarkafli um loftlagsbreytingar og áhrif á íbúa á jaðarsvæðum, yfirlit um almannavarnir á Norðurlöndum og verksvið stofnana í náttúruhamförum ásamt aðkomu að nokkrum rannsóknarverkefnum. Velferð og vá var annað verkefni sem almannavarnadeildin tók þátt í og var til ráðgjafar en þar var verið að greina þátt velferðar í almannavarnakerfum Norðurlandanna og gerður samanburður á þeim.